



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 15. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurfellingu laga nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálm Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, með síðari breytingum, 832. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 25. mars þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál.

Frumvarpið lýtur að stofnun rannsóknarstofu í Háskólanum á Akureyri sem verði vettvangur rannsókna á norðurslóðum með áherslu á þverfagleg mannvísindi og muni starfa í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Samtökin fagna þeim breytingum sem frumvarpið boðar og telja að þær séu mikilvægar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri. Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið hefur nú og undanfarið ár gengið á undan með góðu fordæmi þegar kemur að sameiningu ríkisstofnana.

SA hafa talað fyrir tækifærum til sameiningar ríkisstofnana um langt skeið. Minni tvíverksaður og skörun verkefna leiðir til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem er til umráða. Ein mikilvægasta kerfisbreytingin sem hægt er að ráðast í til að auka skilvirkni og draga úr reglubyrði í kerfinu er að endurskipuleggja starfsemi eftirlitsstofnana þannig að verkefni þeirra séu sameinuð og samþætt. Þrátt fyrir að hér sé ekki um eftirlitsstofnanir að ræða eiga sömu rök við.

Í ljósi framangreinds styðja samtökin að frumvarpið nái fram að ganga og verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir